



 **ISTEX**[®]
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

*Íslenskur textíliðnaður hf • P.O. Box 140 • 270 Mosfellsbæ
Sími 91-666300 • Fax 91-667330*

SOKKAR

STÆRÐ

2/4-6/8-10/12 ára-
Dömu-Herra

EFNI

HOSUBAND frá ÍSTEX
(80% ull, 20% nælon)

Sokkaprjónar nr. 4

PRJÓNFESTA

16 L x 24 umf slétt prjón gera
10 x 10 cm á prjóna nr. 4.

SKAMMSTAFANIR

L = lykkja(-ur), umf = umferð(-ir),
sl = slétt, br = brugðið, prj =
prjónið.

Ath. Þegar aðeins ein tala er gefin í
uppskriftinni á hún við allar stærðir.

Stroff

Fitjið upp 28-32-36-42-46 L mjög
laust á sokkaprjóna nr. 4. Prj í hring
1 L sl, 1 L br, 12-14-16-20-24 cm.
Prj 1 umf sl og takið úr 4-4-4-6-6 L
(24-28-32-36-40 L). Prj 2-3-4-
5-6 cm sl.

Hælstallar

Prj L af 1. prjóni yfir á 4. prjón
(hælprjón). Geymið L á ristarpjóni.
Prj þessar 12-14-16-18-20 L sl fram
og tilbaka og takið fyrstu L alltaf
óprj (laus lykkjujaðar). Prj þar til
jaðarL eru 5-6-7-8-9. Endið á sl
prjóni og merkið miðju.

Hæltunga

Byrjið á br prjóni. Prj 1-1-2-2-3 L
fram yfir miðju, prj 2 L saman br,
snúið við,
*takið fyrstu L óprj, prj 1-1-2-2-3 L
fram yfir miðju, takið 1 L óprj, prj
1 L, steypið óprj L yfir, snúið við,
takið fyrstu L óprj, prj þar til 1 L er
eftir að vikinu, prj 2 L br saman,
snúið við*.
Endurtakið frá * til * þar til 4-4-6-

6-8 L eru á prjóninum. Úrtakan
endar á sl prjóni.

Lykkjuupptaka á hælstalli

Byrjið á jaðrinum, þeim megin sem
bandið er. Takið upp 5-6-7-8-9 L frá
röngu. Á hinum jaðrinum eru teknar
upp 5-6-7-8-9 L frá réttu. Skiptið nú
L á hæltungunni á milli prjónanna,
þ.e. 2-2-3-3-4 L á hvorn hælprjón.
Prj sl og takið úr 1 L hvorum megin
í 2. hverri umf þar til 6-7-8-9-10 L
eru eftir á hvorum hælprjóni, öðrum
megin eru prj 2 L saman en hinum
megin er 1 L tekin óprj 1 L prj,
síðan er óprj L steipt yfir. Prj nú
framleista þar til hann mælist 9-11-
12-13-14 cm (eða fram fyrir litlutá).

Bandúrtaka

1. og 3. prjónn: Prj þar til 3 L eru
eftir, prj 2 L saman, prj 1 L.
2. og 4. prjónn: Prj 1 L sl, takið 1 L
óprj, prj 1 L, steypið óprj L yfir, prj
út prjóninn. Takið þannig úr í 2.
hverri umf 2-2-3-3-4 sinnum og
síðan í hverri umf þar til 8 L eru
eftir. Slítið frá og dragið endann í
gegn.

A. EINLITIR SOKKAR

100-100-200-200-200 g.
Sokkarnir á myndinni eru prj úr
hvítu nr. 01, rauðu nr. 78, gráu
nr. 05 og sprengdu nr. 00.
Á sokkunum úr sprengda bandinu
er fitjað upp með svörtu (nr. 59) og
fyrsta umf prj með svörtu, síðan er
prj með sprengdu.

B. SOKKAR MEÐ RÖNDÓTTU STROFFI

Hvít nr. 01: 100-100-100-200-
200 g.
Dökkgrænt nr. 9245: 100 g, allar
stærðir.
Fitjið upp með dökkgrænu og prj
3 umf 1 L sl, 1 L br, prj þá 2 umf
með hvítu. Prj stroffið þannig til
skiptis með grænu og hvítu. Prj hæl-
stall og hæltungu með grænu, fram-
leista með hvítu og síðustu umf á
framleista og táúrtökuna með grænu.

C. MARGLITIR SOKKAR MEÐ LÖNGU STROFFI

Rautt nr. 78: 100 g, allar stærðir.
Dökkblátt nr. 118: 100 g, allar
stærðir.
Dökkgrænt nr. 9245: 100 g, allar
stærðir.
Gult nr. 9244, 100 g, allar stærðir.
Prj stroffið 14-16-18-20-24-26 cm.
Fitjið upp með dökkbláu, prj 1 L sl,
1 L br 3-4-5-6-6 cm, prj þá með
rauðu. Prj framleista með rauðu en
hælstall og hæltungu með
dökkgrænu. Prj síðustu umf á
framleista og táúrtökuna með gulu.

D. RÖNDÓTTIR SOKKAR

Rautt nr. 78: 100 g, allar stærðir.
Svart nr. 59: 100 g, allar stærðir.
Sprengt nr. 00: 100 g, allar stærðir.
Prj stroffið með rauðu. Prj síðan til
skiptis 2 umf með sprengdu, 2 umf
með svörtu, 2 umf með rauðu.
Athugið að síðustu 2 umf áður en
hælstallur er prj þurfa að vera
rauðar. Hælstallur, hæltunga og
táúrtaka eru prj með svörtu.

E. SOKKAR MEÐ MUNSTURBEKK

| | | | | | | | |
|---|---|---|--|---|---|---|--|
| X | X | X | | X | X | X | |
| X | X | X | | X | X | X | |
| | X | | | | X | | |

Dökkblátt nr. 118: 100-100-100-
100-200 g.
Rautt nr. 78: 100 g, allar stærðir.
Prj stroffið rautt. prj munstur-
bekkinn, prj sokkinn með dökkbláu.

F. RÖNDÓTTIR SOKKAR MEÐ GULU

Gult nr. 9244: 100-100-100-200-
200 g.
Svart nr. 59: 100 g, allar stærðir.
Hvít nr. 01: 100 g, allar stærðir.
Prj stroffið, hælstallinn, hæltunguna
og táúrtökuna með gulu, að öðru
leyti er sokkurinn prj 1 umf með
svörtu, 1 umf með hvítu til skiptis.